

REGLUGERÐ

um veiðar á skötusel í net.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um veiðar á skötusel í net og eru þær heimilar með þeim takmörkunum sem ákveðnar eru í lögum og reglugerðum hverju sinni.

Á Breiðafirði eru allar skötuselsveiðar bannaðar í net innan línu, sem dregin er frá Selskeri (austan Sigluness á Barðaströnd) um Selsker sunnan fjarðarins í Eyrarfjall.

2. gr.

Lágmarksmöskvastærð skötuselsneta sem heimilt er að nota er 12 þumlungar (305 mm). Óheimilt er að nota flottein með meira uppdrif en 13 g/m (grömm á metra) á skötuselsnet. Þrátt fyrir ákvæði fyrsta málslíðar er heimilt til og með 31. ágúst 2011 að nota net með 11,5 þumlunga (292 mm) möskva.

Þegar möskvastærð er mæld skulu þrír möskvar lagðir saman og teygðir horna á milli eftir lengd netsins. Netið skal mælt vott. Um framkvæmd möskvamælinga vísast að öðru leyti til reglugerðar nr. 24/1998, um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga.

3. gr.

Netabaujur skulu vera á báðum endum netatrossu og allar merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Á flaggið skal mála umdæmisnúmer eða skipaskrárnúmer þess skips sem notar netin. Auk þessa skulu allir belgir merktir með umdæmisnúmeri eða skipaskrárnúmeri þess skips sem notar þá. Merkingar á baujuflöggum og belgjum skulu vera greinilegir og skulu stafir stórir og skýrir. Allir netadrekar skulu, með varanlegri merkingu, vera greinilega merktir umdæmisnúmerum eða skipaskrárnúmeri þess skips sem notar þá.

Skýlt er að númera netatrossur sem hver bátur á í sjó frá einum til þess fjölda trossa sem hann á í sjó. Númer netatrossu skal skráð skýrum tölustöfum á baujuflagg eða belg á báðum endum trossu.

4. gr.

Hverju skipi er heimilt að hafa 100 net í sjó fyrir hvern skipverja í áhöfn en þó aldrei fleiri en 600 net. Takmörkun þessi á netafjölda miðast við 100 faðma ófellda slöngu. Heimilt er stunda veiðar með þorskfisknetum á sama tíma og veiðar eru stundaðar með skötuselsnetum. Í slíkum tilvikum skal skötuselsnetum fækkað um 3 net fyrir hvert eitt þorskfisknet sem lagt er í sjó.

Skötuselsnet skulu dregin eigi síðar en 4 sólarhringum eftir að þau eru lögð í sjó. Frávik frá þessu ákvæði er einungis heimilt ef veður hamlar sjósókn með þeim hætti að ekki reynist unnt að vitja neta og skal skipstjóri tilkynna Fiskistofu liggja skötuselsnet viðkomandi skips lengur en 4 sólarhringa án þess að hafa verið dregin.

Týni skip skötuselsnetum í sjó, ber skipstjóra að slæða þau upp. Takist það ekki skal hann tilkynna það Landhelgisgæslunni og skýra frá staðsetningu netanna, eins nákvæmlega og unnt er.

5. gr.

Óheimilt er að stunda veiðar með skötuselsnetum á tímabilinu frá og með 20. janúar til og með 20. maí.

Til 14. júlí má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 metra frá stórstraumsfjöruborði.

6. gr.

Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa eftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og er leyfshöfum skylt að gera þessum aðilum kleift að gera allar þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar í því skyni.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk, sbr. 20. gr. laga nr. 97/1997.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi, að 2. gr. undanskilinni sem tekur gildi frá og með 21. maí 2011, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 282, 31. mars 2010, um veiðar á skötusel í net.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 1. desember 2010.

F. h. r.

Jóhann Guðmundsson.

Kristján Freyr Helgason.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.